

Mál nr. 18/2011

Ár 2011, þriðjudaginn 6. desember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 18/2011

X gegn Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og henni gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Ekkert svar barst innan tilskilins frests og var kærðu gefinn viðbótasvarfrestur til 17. nóvember. Kærða Y svaraði með bréfi dagsettu 15. nóvember, þar sem hún viðurkenndi að hafa gleymt því að fara með tíkina í augnskoðun, baðst afsökunar auk þess sem hún staðhæfði að þetta myndi ekki koma fyrir aftur. Kærða Y var með bréfi dagsettu 24. nóvember boðuð á sáttafund 6. desember sem haldinn var á skrifstofu HRFÍ. Kærða Y mætti ekki þrátt fyrir bréflega boðun og án þess að um væri að ræða lögmat forföll. Siðanefnd telur sinnuleysi kærðu Y sýna að ekki sé sáttagrundvöllur í málinu en fulltrúi kæranda X krefst þess að úrskurðað verði um brot kærðu Y. Siðanefnd tekur þá málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 21. desember 2010 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu cavalier king charles spaniel og er tíkin í eigu kærðu Y.

III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda segir um hundakynið cavalier king charles spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 25 mánaða við pörun. (Gildir frá 01. 07.2009). Ekki skal rækta undan hundum, sem greinast með eftirtalda sjúkdóma: PRA, Starblindu (Juvenile cataract), meðfædda starblindu (Microphthalmia cataract), Retinal Dysplasia geographic/detached eða Multifocal Retinal Dysplasia. Greinist hundur með einhvern af ofangreindum augnsjúkdómum fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. (Gildir frá 01.08.2006).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað 21. desember 2010 hafði tíkin ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu cavalier king charles spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og vottorðið má ekki vera eldra en 25 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins. Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y hefur játað brot sitt skýlaust, beðist afsökunar og lýst því yfir að þetta muni ekki gerast aftur. Kærða Y hefur hins vegar áður sætt áminningu af hálfu siðanefndar í máli 15/2010, þá vegna þess að rakki í hennar eigu var paraður án þess að hjartavottorð lægi fyrir en það eitt þeirra heilbrigðisvottorða sem áskilin eru við pörun hunda af tegundinni cavalier king charles spaniel. Kærða Y er því brotleg að öðru sinni og er áminning ítrekuð.

IV. Niðurstaða

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt.

f.h siðanefndar,

Sign: Herdís Hallmarsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir